



Borgarráð

### *Efling líftækniklasa á höfuðborgarsvæðinu - Framhald samstarfsverkefnis*

Óskað er heimildar borgarráðs til þess að halda áfram samstarfsverkefni með Íslandsstofu og fleirum um eflingu líftækniklasa á höfuðborgarsvæðinu. Framlag Reykjavíkurborgar til verkefnisins verður 5 milljón krónur á ári til næstu þriggja ára.

Greinagerð:

Á síðasta ári samþykkti borgarráð að leggja fjármagn til samstarfsverkefnis um eflingu líftækniklasa á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendur í verkefninu voru Íslandsstofa, samtök sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu og þróunarfélag Keflavíkurflugvallar.

Árið var nýtt til undirbúnings og greiningarvinnu. Erlendur ráðgjafi verkefnahópsins, Chris McClure, tók viðtöl við rúmlega 100 fyrirtæki í lífvísindageiranum, þar af voru yfir 70% bandarísk. Að auki tók ráðgjafafyrirtækið MCJ Associates, viðtöl við tæplega 40 evrópsk fyrirtæki í lífvísindageiranum.

Í maí var haldin sérstakur fjárfestafundur í Boston þar sem rúmlega 15 aðilar fengu kynningu um fjárfestingar- og lífvísindaumhverfið á Íslandi. Tveir fundir voru auk þess haldnir með hagaðilum úr lífvísindaumhverfinu á Íslandi, janúar og október, þar sem verkefnið var kynnt og framvinda tíunduð.

Niðurstöður vinnunnar hafa verið jákvæðar og hefur Íslandsstofa tekið ákvörðun um að auka framlag sitt til verkefnisins frá fyrra ári.

Á komandi ári verður lögð áhersla á eftirtalin verkefni.

1. Ráða sérfræðing til tæknilegrar vinnu við markaðs- og kynningarmál á sviði líftækni
2. Efla samstarf við íslenskt vísindasamfélag og líftækni sprota innan áherslugreina með samskiptafundum tvisvar á ári
3. Segja sögur 6 starfandi fyrirtækja í áherslugreinum í viðeigandi fagtímaritum árið 2018
4. Halda fjárfestafundi í USA (NYC), Kanada (Toronto) og Evrópu (München/Frankfurt) með lágmarkspáttöku 25 valinna gesta á hverjum fundi
5. Ná að lágmarki 25 fyrirtækjafundum á árinu 2018
6. Ráða sérhæfða almannatengslastofu til að aðstoða við fjölmiðlaumfjöllun og kynningu
7. Hefja kynningu á Íslandi sem „líftæknilandi“ í gegnum samfélagsmiðla
8. Ná að lágmarki 3 verkefnum til landsins til að skoða aðstæður á næstu 12 mánuðum

Hjálagt er minnisblað Íslandsstofu um árangur ársins 2017 og tillögur um verkefni komandi árs.

Hrólfur Jónsson



## Minnisblað Íslandsstofu

### Líftækniverkefni 2017 Árangur og næstu skref

#### Inngangur

Ráðgjafafyrirtækið McKinsey ltd. komst árið 2012 að þeirri niðurstöðu í úttekt sinni á samkeppnishæfni Íslands að hefðbundnir frumatvinnuvegir landsins, sem allir eru auðlindadrifnir (sjávarútvegur, landbúnaður og ferðapjónusta) muni ekki geta viðhaldið lífsgæðum og velsæld til framtíðar.

Meðal þeirra sviða sem McKinsey benti á að gætu aukið samkeppnishæfni landsins til langframa eru lífvísindi. Lífvísindageirinn er veigamikill og mikilvægur öllum þróuðum ríkjum og fjárfestingasvið Íslandsstofu hefur undanfarin misseri greint tækifæri á sviði líftækni og rannsóknar og þróunar. Niðurstöður benda eindregið til þess að veruleg tækifæri séu á erlendri fjárfestingu á afmörkuðum sviðum líftækninnar, einkum í þróun líftækniylfja, einkaleyfistengdri lyfjaframleiðslu, erfðafræði og erfðamengjagreiningu.

Þá hafa verið færð rök fyrir því að í þessum atvinnugreinum, sem og í þekkingar-og sprotageiranum almennt, þurfi markaðsstarfið að beinast að öllum tegundum fjárfestinga og fjármögnunar fyrirtækja í greininni. Þannig er bent á að jafn mikilvægt sé að aðstoða og efla þau fyrirtæki sem fyrir eru með samhæfðum hætti með því að a) stuðla að yfirtökum og/eða samruna (M&A), b) öflun erlends áhættufjármagns (VC), c) aðgengi að erlendum sérfræðingum og námsmönnum á viðkomandi sviði (talent attraction), og d) rannsóknar-og þróunarsamstarfi milli fyrirtækja.

#### Verkefni

Í lok árs 2016 hóf Fjárfestingasvið Íslandsstofu vinnu með það að markmiði að laða að og hvetja til beinnar erlendra fjárfestingar til Íslands á lífvísindasviðinu. Verkefnið var byggt upp á grunnhugmyndum sem settar voru fram af sérfræðingum Deloitte í San Francisco. Markmið verkefnisins voru þrjú: (1) aukin viðskipti fyrirtækja sem þegar voru til staðar (ekki bein erlend fjárfesting, en eykur líkur á henni í framtíð), (2) fjárfesting í íslenskum fyrirtækjum með beinni fjárfestingu eða samvinnu, eða (3) stofnun nýrra verkefna á Íslandi.

Ákveðið var að ráðast í samstarf með Reykjavíkurborg, SSH og Kadeco, vegna þeirrar þjónustu og aðstöðu sem báðir aðilar hafa uppá að bjóða. Ákveðið var í byrjun að hver aðili mundi skuldbinda sig til eins árs.

#### Aðgerðir 2017

- Áhersla á greiningarvinnu, viðræður við fjölda aðila um Ísland sem áhugaverða staðsetningu fyrir fyrirtæki í lífvísindum.
- Chris McClure, ráðgjafi verkefnisins, tók viðtöl við rúmlega 100 fyrirtæki í lífvísindageiranum, þar af voru yfir 70% bandarísk
- Að auki tóku MCJ Associates, ráðgjafar, viðtöl við tæplega 40 evrópsk fyrirtæki í lífvísindageiranum
- Maí 2017. Fjárfestafundur í Boston. Hádegisverðarfundur þar sem rúmlega 15 aðilar fengu kynningu um fjárfestingar- og lífvísindaumhverfið á Íslandi



- Tveir fundir með hagaðilum úr lífvísindaumhverfinu á Íslandi, janúar og október, þar sem verkefnið var kynnt og framvinda tíunduð

### Árangur

- Niðurstaða viðtala og greiningarvinnu sýna að samkeppnishæfni landsins felst aðallega í tveimur „syllum“ innan lífvísinda.
  - Samheita- og líflíkindalyf (generic- and biosimilar drugs)
  - Erfða- og erfðamengjafræði (genetics and genomics)
- Erlendir viðmælendur bentu á að þekktustu lífvísindafyrirtæki á Íslandi væru ekki byggð upp á íslenskri sérstöðu heldur væru þau afbragðs fyrirtæki sem væru staðsett á Íslandi því stofnendur fyrirtækisins væru þaðan.
- Ísland býður upp á spennandi forskot í ofangreindum syllum lífvísinda, bæði af lagalegum ástæðum og vegna gagnagrunna sem finnast á landinu.
- Þrjú af þeim fyrirtækjum sem viðtal var tekið við hyggjast sækja landið heim árið 2018 og skoða aðstæður, með það fyrir augum að setja upp verkefni hérlandis.

### Jákvæð þróun

Vert er að geta þeirra jákvæðu atriða gerðust á árinu og sem gefa Lífvísindaverkefninu byr í seglin fyrir næsta ár:

- Þak á endurgreiðslu R&D kostnaðar hefur verið afnumið
- Fjármagnshöft hafa verið afnumin (að því leyti sem viðkemur verkefninu)
- Ný ríkisstjórn hefur sett áherslu á að Ísland verði „heimahöfn fyrir R&D“
- Bygging 17.000m<sup>2</sup> rannsóknar og nýsköpunaraðstöðu í Vísindagörðum (Gróska)
- Ákvörðun um stórt kynningarátak í kringum HM í knattspyrnu og kynning á Fjárfestingalandinu Ísland –styður við áherslur Lífvísindaverkefnisins

### Fjármagn 2018

Verkefnahópurinn telur í ljósi jákvæðs árangurs árið 2017 rétt að verkefninu verði haldið áfram. Samtöl hafa þegar átt sér stað við hugsanlega samstarfsaðila að verkefninu 2018. Aðilar hafa sýnt áhuga á að koma að verkefninu sem hluta af stærra verkefni um almenna kynningu á Íslandi sem fjárfestingalandi.

Íslandsstofa óskar eftir áframhaldandi þátttöku Reykjavíkurborgar í verkefninu.

Framlag borgarinnar fyrir árið 2018 verði 5.000.000,-kr. og undirritaður verður sérstakur samningur sem tiltekur: upphæðir, tímasetningar, skyldur og gögn sem samstarfinu fylgja.

Íslandsstofa (og aðrir)	16.500.000
Reykjavíkurborg	5.000.000
KADECO	3.500.000
<b>Samtals</b>	<b>25.000.000</b>



## **Aðgerðir 2018**

1. Ráða sérfræðing til tæknilegrar vinnu við markaðs- og kynningarmál á sviði líftækni
2. Efla samstarf við íslenskt vísindasamfélag og líftækni sprota innan áherslugreina með samskiptafundum tvisvar á ári
3. Segja sögur 6 starfandi fyrirtækja í áherslugreinum í viðeigandi fagtímaritum árið 2018
4. Halda fjárfestafundi í USA (NYC), Kanada (Toronto) og Evrópu (München/Frankfurt) með lágmarkspáttöku 25 valinna gesta á hverjum fundi
5. Ná að lágmarki 25 fyrirtækjafundum á árinu 2018
6. Ráða sérhæfða almannatengslastofu til að aðstoða við fjölmiðlaumfjöllun og kynningu
7. Hefja kynningu á Íslandi sem „líftækniland“ í gegnum samfélagsmiðla
8. Ná að lágmarki 3 verkefnum til landsins til að skoða aðstæður á næstu 12 mánuðum

Nánari lýsing á aðgerðum:

## **Verkefnastjóri Lífvísindaverkefnisins frá Íslandsstofu er Erna Björnsdóttir.**

1. Chris McClure mun halda áfram sem sérfræðingur verkefnisins. Mun hann sjá um tengslamyndun við erlend fyrirtæki, hann mun semja sögur/fréttir af íslenskum fyrirtækjum sem sett verða á samfélagsmiðla og hann verður í forgrunni í samskiptum verkefnisins við PR stofur.
2. Haldið verður áfram með kynningarfundum með hagsmunaaðilum í lífvísindum á Íslandi. Stefnt er að fyrri fundurinn verði í apríl og seinni fundurinn í október. Á fundunum verða niðurstöður vinnunnar tíundaðar og hlustað verður á athugasemdir/ábendingar frá hagsmunaaðilum.
3. Fagtímaritin verða valin í samstarfi aðila verkefnisins og stuðst verður við tillögur frá Chris McClure. Fyrirtækin verða einnig valin af samstarfsaðilum. Stefnt er að því að fyrsta sagan birtist á 2 fjórðungi 2018.
4. Áætluð tímasetning fundanna er eftirfarandi: San Francisco, 25.janúar; Toronto, febrúar/mars; München, september; New York, október/nóvember.
5. Gert er ráð fyrir því að eiga fundi með fyrirtækjum á dögum fyrir fjárfestafundina og einnig er mögulegt að setja upp sérstakar fundarferðir (road shows) beggja vegna Atlantshafs.
6. Fjárfestingarvið hefur þegar hafið leit að réttu almenningstengslastofunni og niðurstaða mun liggja fyrir í byrjun 2018.
7. Chris McClure mun setja 40 sögur af fyrirtækjum/rannsóknarverkefnum á valda samfélagsmiðla árið 2018. Samstarfsaðilar munu koma sér saman um hvaða miðlar verða notaðir en líklegastir eru LinkedIn og Twitter.
8. Hér er átt við 3 fyrirtæki/rannsóknarstofur/fjárfesta sem koma til landsins gagnert til að skoða aðstæður og fá tilfinningu fyrir fýsileika þess að setja upp verkefni.

## **Umsjón og eftirfylgni**

Skipuð verður sérstök stjórn yfir verkefninu sem skipuð verður fulltrúum Íslandsstofu, Reykjavíkurborgar, SSH, Kadeco og fulltrúa frá Samtökum íslenskra líftæknifyrirtækja. Gert er ráð fyrir því að stjórnin hittist þrisvar sinnum á ári: að vori, hausti þar sem farið



verður yfir framgang verkefnisins og í lok árs til þess að samþykkja lokaskýrslu. Ef nýjir aðilar koma greiðandi inn í verkefnið verður þeim boðin þátttaka í verkefnisstjórninni.

Virðingarfyllt  
Þórður H. Hilmarsson  
Forstöðumaður fjárfestingasviðs Íslandsstofu